

Leiðbeiningar um skráningu

Keppnin stendur frá 4. - 24. maí 2011 að báðum dögum meðtöldum.

Hver þátttakandi skráir ferðir í 15 daga (þá hvaða 15 daga sem er).
Þetta er gert til þess að jafna leikinn milli vaktavinnufólks og annarra.

Liðsstjóri - Hámarks fjöldi liðsmanna í hverju liði er 10.

Í hverju liði er liðsstjóri sem sér um að skrá lið sitt til þátttöku og hann heldur einnig utan um daglega skráningu á netinu.

Sami vinnustaður, mörg lið - Kennitalan stýrir hvaða lið telja

sameiginlega. Ef fleiri en 10 hjóla á sama vinnustað er einfalt að stofna lið númer tvö, þrjú...undir kennitölu vinnustaðarins. Þannig telur árangur liðanna sameiginlega fyrir vinnustaðinn. **Athugið að margir vinnustaðir t.d. innan sveitarfélaga hafa sömu kennitölu og sveitarfélagið.** Ef viðkomandi vinnustaður vill keppa undir sínum merkjum er mikilvægt að notast sé við aðra kennitölu en sveitarfélagsins innan vinnustaðar (t.d. kennitölu eins starfsmanns).

Hvernig er skilgreiningin á vinnustaður? Hvaða starfsmannafjölda á að gefa upp? Þar sem keppt er um flesta daga og km, hlutfallslega miðað við fjölda starfsmanna á vinnustaðnum er **mjög mikilvægt** að skrá inn **heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum** (eða þeirrar einingar sem miðað er við). **Það er ekki rétt að skrá einungis inn fjölda þeirra starfsmanna sem taka þátt í Hjólað í vinnuna.**

Keppt er í 7 flokkum eftir fjölda starfsmanna í fyrirtækinu

3-9 starfsmenn

10-29 starfsmenn

30-69 starfsmenn

70-149 starfsmenn

150-399 starfsmenn

400-799 starfsmenn

800 o.fl. starfsmenn.

Tilvalið er fyrir einyrkja og minni fyrirtæki að slá saman í lið.

Aukin orka – meiri kraftur – minni eyðsla



Nánari upplýsingar eru á www.hjoladivinnuna.is